

## Vefþjónustugjald SÍ hættir og árgjald að Gagna tekið upp.

Eftir að samningum við Sjúkratryggingar Íslands var sagt upp þá hafa SÍ ekki tekið vefþjónustugjöld af sjúkraþjálfurum. Gagnanefnd FS hefur ekki náð samningi við SÍ um að vefþjónustugjald verði áfram tekið af sjúkraþjálfurum líkt og áður.

Vefþjónustugjald hefur því ekki verið tekið af greiðslum frá SÍ síðan 13.janúar 2020.

Gagnasjóðurinn stóð vel og höfum við nýtt uppsafnað fé til að reka kerfið það sem af er ári en nú er nauðsynlegt að tryggja sjóðnum stöðugar tekjur til að standa undir áframhaldandi rekstri og þróun.

Því hefur verið tekin sú ákvörðun að taka upp árgjald fyrir alla þá sem nota Gagna.

**Til að byrja með verður sendur út greiðsluseðill í byrjun ágúst upp á 5x7000 = 35.000 kr. fyrir hvern sjúkraþjálfara sem er þá með aðgang frá 1.ágúst til 31.desember 2020.**

**Athugið að almennir starfsmenn (sem ekki eru skráðir á reikninga) borga ekki fyrir aðgang að kerfinu.**

Eftir áramót verður árgjaldið innheimt 2x á ári jan-júní / júlí-des = 2x 42.000kr eða 84.000 á ári.

Innheimt verður eftir kennitölu sjúkraþjálfara og það þýðir að sjúkraþjálfari getur t.d. unnið hjá tveimur mismunandi stofum og verið með tvo aðganga að Gagna enn mun aðeins þurfa að greiða eitt árgjald.

Einnig verður þeim sem eru að vinna lítið boðið að fá aðgang að Gagna með takmarkaðri notkun á lægra árgjaldi. Takmörkunin felst í að einungis verður hægt að afgreiða reikninga fyrir að hámarki 75 meðferðum í nafni þjálfarans í hverjum mánuði. Gagni mun sjálfkrafa loka á afgreiðslu reikninga þegar því marki er náð. Árgjald með takmarkaðri notkun verður 2x 18.000 á ári en 15.000 fyrir ágúst til desember 2020.

Þeir sjúkraþjálfarar sem vilja fá aðgang að Gagna með takmarkaðri notkun eru beðnir að senda erindi þess efnis á [hjalp@gagni.is](mailto:hjalp@gagni.is) fyrir 15. júlí n.k. Sama á einnig við ef stofur hyggjast greiða árgjöld fyrir sjúkraþjálfarana sem starfandi eru á stofunum.

Þau fyrirtæki sem innheimta greiðslur frá SÍ og gera síðan upp við sjúkraþjálfara sem hjá stofunni starfa þá gæti verið skekkja í uppgjöri við sjúkraþjálfara varðandi vefþjónustugjöldin.

Með því að fara í Fyrirspurnir – yfirlit þálfara og veljið tímabilið 13.01.2020-31.07.2020 getið þið séð áætlað vefþjónustugjald sem ekki var tekið og er það því inneign sjúkraþjálfaranna hjá fyrirtækinu

Eins og flestir hafa vonandi tekið eftir er Gagni í stöðugri þróun. Meðal þeirra nýjunga sem koma inn á næstu mánuðum eru sjálfafgreiðslukerfi í samvinnu við DK hugbúnað (posatenging), tenging við Heklugátt sem gerir okkur kleift að fá rafrænar beiðnir frá læknum og senda útskriftarnótu rafrænt frá okkur í lok meðferðar ásamt tengingu við innheimtukerfi banka fyrir ógreidda reikninga skjólstæðinga.

Njótið sumarsins og hlökkum til áframhaldandi samstarfs við ykkur

Bestu kveðjur frá Gagnanefnd FS,

Auður Ólafsdóttir

Haraldur Sæmundsson

Ragnar Friðbjarnarson